

# Tækniminjasafn Austurlands

## Fundargerð

Föstudagur, 28. maí 2021 kl. 14:00.

Fundað í fundarherbergi slökkviliðsins á Seyðisfirði.

Mætt á fundinn: Zuhaitz Akizu, Skúli Vignisson, Ingirafn Steinarsson, Bjarki Borgþórsson, Jónína Brynjólfsdóttir og Tinna Guðmundsdóttir sem ritar fundargerð.

### 1. Fjármögnun

- Jónína Brynjólfsdóttir greinir frá að sótt hafi verið um að breyta forsendum styrks frá Menntamálaráðuneytinu, Fjárlögum, til að fjölga starsmönnum. Sú beiðni var samþykkt. Tengiliður við ráðuneytið er Rúnar Leifsson.
- Jákvæð niðurstaða kom úr Hvatasjóði Seyðisfjarðar. Safnið fékk úthlutað 1 milljón til að endurskoða stefnu og 4 milljónir í leigu á geymslu og skrifstofu.

### 2. Tryggingar

- Jónína Brynjólfsdóttir greinir frá samskiptum við Náttúruhamfaratryggingar Íslands varðandi tryggingar á lausafé, váttryggingarupphæðin er 40 milljónir. Ekki hefur verið fundin málamiðlun til að ganga frá þessum hluta en það er í vinnslu.
- Staðan varðandi Vjelsmiðjuna er sú sama, nauðsynlegt er að safnið afsali sér fasteigninni til að fá úr tryggingum. Ennþá er verið að skoða möguleika.

### 3. Framtíðarstaðsetning

- Zuhaitz og Jónína hafa hitt óformlega aðila úr vinnuhóp á vegum Múlaþings varðandi framtíðarstaðsetningu safnsins. Ennþá er verið að forma tillögur varðandi að flytja hús af Angró torfunni og þar í kring. Tillögurnar verða tilbúnar á næstunni og þá kynntar fyrir hagsmunaaðilum.

### 4. Stefnumótun

- Zuhaitz og Jónína greina frá undirbúningi varðandi tveggja daga vinnustofu með starfshópi, sem stefnt er á að halda 10. og 11. júlí. Nokkrir hafa boðað komu sína en ekki allir.

### 5. Staðfesting stjórnar

- Zuhaitz og Jónína greina frá að Múlaþing er ekki búin að staðfesta núverandi stjórn formlega. Þetta er mikilvægt og þar að ganga frá sem fyrst.

### 6. Samstarf varðandi prentaðstöðu

- Zuhaitz segir frá hugmyndum varðandi uppbyggingu á prentaðstöðu í samstarfi við Skaftfell, LungA og Linus Lohmann. Verkefnið er í startholunum en mikil áhugi er fyrir því að koma aftur prentaðstöðu á Seyðisfirði í gang.